



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**FORVARNARDAGURINN 2024:  
ÁHERSLA Á VERNDANDI ÞÆTTI  
OG VELLÍÐAN BARNNA OG UNGMENNA**

Forvarnardagurinn 2024 verður á morgun, miðvikudaginn 2. október. Af því tilefni efnir landlæknisembættið til málstofu um áherslumál dagsins þar sem sjónum er beint að hagsmunum unglinga í 9. bekk grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla. Þar taka til máls, auk forseta Íslands, Alma Möller landlæknir og Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. Einnig flytur Margrét Lilja Guðmundsdóttir, þekkingarstjóri hjá Planet Youth, erindið „Ekkert um ykkur án ykkar”.

Þá taka til máls fulltrúar úr ungmennaráði UMFÍ, þau Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson og Karen Hulda Finnsdóttir. Áheyrendur í sal verða nemendur úr 9. bekk Ingunnarskóla. Að málþinginu loknu heimsækir forseti Íslands Kársnesskóla í Kópavogi og Verzlunarskóla Íslands og ræðir þar við nemendur um hvernig auka megi vellíðan ungs fólks.

Þetta er í 19. sinn sem Forvarnardagurinn er haldinn, en verkefni hans hafa frá upphafi verið byggð á rannsóknum um líðan ungmenna. Sýnt hefur verið fram á að samvera með fjölskyldu, þátttaka í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og það að leyfa heilanum að þroskast án neikvæðra áhrifa eru verndandi þættir fyrir áhættuhegðun.

Hægt verður að nálgast streymi frá málþinginu á vef Forvarnardagsins og verður upptaka af viðburðinum auk þess gerð aðgengileg þar samdægurs: <https://www.forvarnardagur.is/>

Embætti landlæknis fer með verkefnastjórn Forvarnardagsins og samstarfsaðilar eru embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining, Planet Youth, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Samfés, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagasamtaka í forvörnum, Bandalag íslenskra skáta, Ríkislögreglustjóri og Heimili og skóli.

### **Málþing Forvarnardagsins**

Staður: Ingunnarskóli, Mariubaugi 1, 113 Reykjavík.

Stund: Miðvikudagur 2. október, kl. 10:00.

*1. október 2024*

*Nánari upplýsingar veita Margrét Lilja Guðmundsdóttir, þekkingarstjóri hjá Planet Youth, (851 1110), Ingibjörg Guðmundsdóttir hjá embætti landlæknis (848 0254), Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri lýðheilsusviðs hjá embætti landlæknis (865 5824) og Una Sighvatsdóttir, sérstakur ráðgjafi forseta Íslands (895 8885).*